

11. Biðskylda verði á Urðargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
12. Gangbraut verði þvert yfir Barðastrandarveg (62) vestanvert við göngubrú yfir Mikladalsá að neðri brún Aðalstrætis á Björgum.
13. Bann við bifreiðastöðum beggja vegna Eyrargötu frá sundlaug að höfn er numið úr gildi.
14. Ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Patreksfirði sem fara í bága við þessa auglýsingu eru felld úr gildi.

II. Bíldudalur

1. Ketildalavegur (619) innan þéttbýlis á Bíldudal skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsveggar (63) um Dalbraut og Tjarnarbraut að endapunkti við Lönguhlíð. Við vegamót Bíldudalsveggar og Ketildalavegar skal umferð um Bíldudalsveg og Ketildalaveg niður Bíldudal hafa forgang.
2. Hámarkshraði innan þéttbýlis á Bíldudal skal vera 35 km/klst.
3. Stöðvunarskylda verði á Hafnarsteigi gagnvart umferð um Ketildalaveg (619)/Tjarnarbraut.
4. Gangbraut verði yfir Ketildalaveg (619) / Dalbraut gegnt skólatröppum.
5. Brekkustígur verði botngata, lokuð við Lönguhlíð.
6. Biðskylda verði á Hafnarbraut gagnvart umferð um Hafnarsteig.
7. Hraðahindrun verði sett á Ketildalaveg (619) / Dalbraut innan við Kríubakka.
8. Strandgata frá Hafnarsteigi að Strandgötu 10-12 verði skilgreind sem vinnusvæði.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 20. júní 2001.

Pórolfur Halldórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í landi Vorsabæjar, Hveragerðisbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 8. mars 2001 nýtt deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í Hveragerði. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, af Varmá í austri, af Öxnalækjarlandi í suðri og línu sem er u.þ.b. 300 metra vestan við Varmá í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 27. apríl 2001.

F. h. bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.